

## Markaðssetning snyrtivara – gátlisti

Framleiðendur og innflytjendur snyrtivara skulu uppfylla eftirtalin skilyrði\*:

- Merkja skal umbúðir snyrtivara eins og sýnt er á myndinni hér fyrir neðan. Notkunarskilyrði og varnarorð skulu vera á íslensku.
- Bannað er að nota efni í II. viðauka\*\* í snyrtivörum og eru efni í III. viðauka leyfileg með takmörkunum og skilyrðum.
- Framleiðsla snyrtivara skal vera í samræmi við staðal um góða framleiðsluhætti.
- Ábyrgðaraðili skal vera fyrir hverri snyrtivöru.
- Ábyrgðaraðili skal tilkynna um fyrirhugaða markaðssetningu í CPNP vefgátt ESB
- Ábyrgðaraðili skal hafa undir höndum vöruupplýsingaskjal og öryggismat fyrir hverja snyrtivöru.
- Sýna skal fram á fullyrðingar um virkni vöru með sannprófun byggða á vísindalegum aðferðum.
- Ef upp koma alvarleg, óæskileg áhrif snyrtivöru hér á landi, skulu ábyrgðaraðili og dreifingaraðili án tafar tilkynna um það til Umhverfisstofnunar.



\*sbr. reglugerð nr. 577/2013 sem innleiðir reglugerð (EB) nr. 1223/2009.

\*\*reglugerð (EB) nr. 1223/2009.